

Gjöld:

85

1. Styrkur veittur Þjóðjarðalandsetum og ekkjum Þjóðjarðalandseta	100 00	
2. Tekjuliður 3 færirst til jafnaðar	100 00	
3. Eptirstöðvar við árslok 1895:		
a. Innritunarskirteini Litr. A. Fol. 82	kr. 3300 00	
b. Veðskuldabryjef einstakra manna	— 200 00	
c. Í landsbankanum	— 540 06	
d. Í peningum	— 93 00	4133 06

Samtals kr. 4333 06

Íslands Suðuramt, Reykjavík, 20. jan. 1896.

J. Havsteen.

Reikningur

86

yfir tekjur og gjöld Eldgosasjóðs Suðuramtsins (Eyjafjallahreppanna) 1895.

Tekjur:

1. Eptirstöðvar við árslok 1894:		
a. Veðskuldabryjef einstakra manna	kr. 900 00	
b. Í landsbankanum	— 232 28	1132 28
2. Vextir:		
a. Af skuldabryjefum frá $11/6$ '94— $11/6$ '95	kr. 12 00	
b. — skuldabryjefi (600 kr.) frá $2/8$ '94— $11/6$ '95	— 20 60	
c. — bankainnlagi $31/12$ '95	— 7 83	40 43
		Samtals kr. 1172 71

Gjöld:

1. Eptirstöðvar við árslok 1895:		
a. Veðskuldabryjef einstakra manna	kr. 900 00	
b. Í landsbankanum	— 240 11	
c. Í peningum	— 32 60	1172 71
		Samtals kr. 1172 71

Íslands Suðuramt, Reykjavík, 16. jan. 1896.

J. Havsteen.

Skýrsla

87

um aðalfund amtsráðsins í Norðuramntinu 9.—11. júní 1896.

Ar 1896, þriðjudaginn hinn 9. júní, var aðalfundur amtsráðs Norðuramtsins settur og haldinn á Akureyri af amtmanni Páli Briem, amtsráðsmanni Húnavatnssýslu, umboðsmanni B. G. Blöndal í Hvammi, amtsráðsmanni Skagaafjarðarsýslu, umboðsmanni Ólafi Briem á Álfgveirsvöllum, amtsráðsmanni Eyjafjarðarsýslu, Stefáni kennara Stefánssyni á Möðruvöllum, og vara-amtsráðsmanni Suðurþingeyjarsýslu, Árna prófasti Jónssyni á Skútustöðum, sem mættur var í forföll-

87 um aðalamtstráðsmannsins í Suður-Þingeyjarsýslu, Benedikts sýslumanns Sveinsonar á Hjeðinshöfða.

Á fundinum komu þessi mál til umræðu:

1. Forseti lagði fram reikninga yfir tekjur og gjöld eptirfylgjandi sjóða 1895 með fylgiskjölum:
 - a. Jafnaðarsjóðs Norðuramtsins.
 - b. Búnaðarsjóðs Norðuramtsins.
 - c. Styrktarsjóðs fátækra ekkna og munaðarlausra barna í Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstað.
 - d. Amtsbókasafnsins á Akureyri.
 - e. Prentsmiðjusjóðs Norðuramtsins, og
 - f. Búnaðarsjóðs Eyjafjarðarsýslu.

Amtsráðsmennirnir skiptu reikningum þessum með sjer til endurskoðunar.

Reikningar þessir voru rannsakaðir og síðan samþykktir án athugasemda.

2. Forseti lagði fram eptirfylgjandi sýslusjóðsreikninga fyrir 1895.
 - a. Úr Húnavatnssýslu.
 - b. — Skagafjarðarsýslu.
 - c. — Eyjafjarðarsýslu.
 - d. — Þingeyjarsýslu.

Amtsráðið rannsakaði reikninga þessa og úrskurðaði þá á þessa leið:

- a. Við reikninginn úr Húnavatnssýslu fannst ekkert annað að athuga, en að ekki sje gjörður í sýslusjóðsreikningnum neinn sundurliðaður reikningur fyrir, hvernig varið hafi verið þeim 2800 kr., sem lagðar hafa verið til bryggjugjörðar á Blönduósi.
- b. Við reikning Skagafjarðarsýslu þótti athugasvert:
 1. Að sýslan, sem fengið hefur 100 kr. styrk úr landssjóði til sundkennslu 1894, hefur enn eigi lagt til jafnháa upphæð.
 2. Af kostnaði við brú á eystri Hjeraðsvötnum vantar kvittanir fyrir kr. 67,52 (Fsk. XI C. 8) og fyrir kr. 1,20, kr. 5,00 og kr. 5,00 á fsk. XI C. 20.
 3. Af kostnaði við dragferjur vantar kvittanir fyrir kr. 4,00 og kr. 14,00 (fsk. X C. 23 og 6). Kvittanir þessar ber að útvega og senda.
- c. Við reikning Eyjafjarðarsýslu þótti ekkert athugasvert.
- d. Við reikning Þingeyjarsýslu þótti athugasvert, að kvittanir sumar eru eigi frá rjettum hlutadeigendum, heldur vottorð annara um borgunina, en sjerstaklega er athugasvert, að enginn reikningur er gjörður um það, hvernig varið hefur verið 300 kr., sem taldar eru útborgaður fyrir fundarhús, og að af þessari upphæð er að eins kvittað fyrir 80 kr., en um hinar 220 kr. fylgir reikningnum að eins skýrsla reikningshaldara um, að borgaðar sjeu kr. 9,39 og að kr. 210,61 muni verða borgaðar. Fyrir því ber reikningshaldara að útvega og senda reikning fyrir kostn-

aði við fundarhúsbygginguna og kvittanir fyrir kr. 220,00 af þessum kostnaði.

87

Í reikningnum er að eins tilfært, hvað borgað hafi verið af lánum sýslunnar úr landssjóði til tóvinnuvjela Magnúsar Þórarinssonar, en auk þess hefur sýslan tekið 600 kr. lán úr landsbankanum til þessara vjela. Afborgun og vextir af landssjóðslánunum eru inn færð í reikninginn bæði sem útborgað til landssjóðs og inn borgað af Magnúsi Þórarinssyni og á hið sama að gilda um landsbankalánið.

3. Forseti lagði fram eptirfylgjandi sýsluvegasjóðsreikninga:

- a. Úr Húnavatnssýslu.
- b. — Skagafjarðarsýslu.
- c. — Eyjafjarðarsýslu.
- d. — Suður-Þingeyjarsýslu.

Amtsráðið rannsakaði þessa reikninga og samþykkti þá án athugasemda.

4. Forseti lagði fram eptirrit af gjörðabókum sýslunefndanna í:

- a. Húnavatnssýslu frá 9.—13. marz og 9. apríl þ. á.
- b. Skagafjarðarsýslu 18.—20. febr. og 10. apríl þ. á.
- c. Eyjafjarðarsýslu frá 26.—29. febr. þ. á.
- d. Suður-Þingeyjarsýslu frá 21.—22. apríl þ. á., og
- e. Suður- og Norður-Þingeyjarsýslu frá 20. apríl þ. á.

Voru eptirrit þessi yfirfarin með tilliti til landshöfðingjabrjefs, dags. 21. sept. f. á. um skýrslur styrktarsjóða handa alþýðufólki. Þótti athugvert við eptirrit þessi:

- a. Í Húnavatnssýslu hafði hreppsnefnd Þverárhrepps vanrækt að senda skýrslu um styrktarsjóð hreppsins við árslok 1894 og í Kirkjuhvamms-hreppi og Fremri-Torfastaðahreppi bar reikningurinn eigi með sjer, hvað öll eign sjóðsins var.
- b. Í Skagafjarðarsýslu vantaði alveg skýrslu um hag styrktarsjóða í Hólahreppi og Rípurhreppi, og svo er eigi getið um, fyrir hvert ár hinar fram komnu skýrslur sjeu.
- c. Í Eyjafjarðarsýslu voru fram lagðar skýrslur um hag styrktarsjóða úr öllum hreppum sýslunnar við árslok 1895 nema úr Grímseyjarhreppi, eins og vonlegt var.
- d. Í Suður-Þingeyjarsýslu vantaði alveg skýrslu um hag styrktarsjóðs Reykdælahrepps og eigi er getið um fyrir hvert ár skýrslur hreppanna sjeu og eigi er tilgreint, hvað hver styrktarsjóður sje.

Amtsráðinu þótti því ástæða til, að brýna fyrir sýslunefndunum að gjöra fullnægjandi rádstafanir til þess, að skýrslur um hag styrktarsjóðanna kæmu á næsta fundi eptir lok hvers reikningsárs.

5. Lagt var fram brjef sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu, dags. 27. febr. þ.á. þar sem hann ber fram þá ósk sýslunefndarinnar, að landsstjórnin hlutist tilum, að fullnægt verði sem allra fyrst ákvæðum laga nr. 8, 13. apríl 1894, að

87

Því er snertir lagning hinnar fyrirhuguðu flutningabrautar frá Sauðárkróki um Skagafjörð.

Ennfremur var framlagt brjef sýslumannsins í Eyafjarðarsýslu, dags. 6. marz þ. á., þar sem hann ber fram þá ósk sýslunefndarinnar þar, að amtsráðið vildi hlutast til um að vegfræðingur landsins verði á þessu vori látinn skoða hvar flutningsbrautin fram Eyafjörðinn ætti að liggja, svo og skoða brúarstæði á Hörgá, og gjöra áætlun um kostnað við brú á ánni.

Amtsráðið ákvað að fela forseta sínum að fara þess á leit við landshöfðingja, að hann vildi leggja fyrir verkfræðing landsins, að skoða nú í sumar hvar flutningabrautir þessar skyldu helst liggja, svo og skoða brúarstæði á Hörgá og gjöra áætlun um, hvað brú á ánni myndi kosta.

6. Framlagt var brjef sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu dags. 27. febr. þ. á., þar sem hann óskar að amtsráðið samþykki þá ályktun sýslunefndarinnar, að lagðar verði niður lögferjur yfir Hjeradsvötnin:

1. Á Völlum og Syðstugrund
2. Á Ási og Hofsstöðum og
3. Á Gerði og Lóni.

Amtsráðið samþykkti þetta.

7. Framlagt var brjef frá sýslumanninum í Skagafjarðarsýslu, þar sem hann óskar, að amtsráðið samþykki þá ályktun sýslunefndarinnar, að sýsluvegurinn í Holtshreppi, sem legið hefur yfir Sandós um Haganessand og yfir Hraunaós og Hraunamöl, verði breytt þannig, að hann skuli leggja suður með Hópsvatni yfir Dælisós, austur að Fljótaá og fyrir hana austur á sýsluvegin norðanvert við Ketilá.

Amtsráð samþykkti þetta.

8. Amtsráðið tók til ihugunar, hvernig verja skuli styrk þeim af gullbrúðkaupslegati Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og konu hans trú Þórunnar Hannesdóttur, sem Norður- og Austuramtíð á að verða aðnjótandi í 3 ár 1895—1897. Samkvæmt ályktun amtsráðsins síðastliðið ár munu ganga til Norðuramtsins ¹⁶/₂₇ af styrknum og leggur amtsráðið til, að þessum hluta verði varið til brúargjörðar yfir vestari Jökulsá í Skagafirði samkvæmt framlögðu bónarbrjefi, dags. 8. þ. m., frá nokkrum bændum í Skagafjarðardölum.

9. Framlagt var brjef sýslumannsins í Skagafjarsýslu, dags. 13. apríl þ. á., þar sem hann óskar, að amtsráðið samþykki, að sýslunefndin í Skagafjarðarsýslu taki allt að 600 kr. bráðabyrgðarlán, til að borga tillag til gufuskipsferða í Norður- og Austuramtinu þetta sumar. Amtsráðið samþykkti þessa lántöku með því skilyrði, að lánið sje að fullu borgað fyrir árslok 1897.

10. Framlagt var brjef sýslumannsins í Eyafjarðarsýslu, dags. 12. marz þ. á., þar sem hann skýrir frá að sýslunefnd Eyafjarðarsýslu og bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hafi komið sjer saman um, að setja í sameiningu á stofnu tóvinnuvjelar og hafi ákveðið að taka 12000 kr. lán úr viðlagasjóði til

þessa þannig, að sýslan ábyrgist borgun á $\frac{5}{6}$, þar sem kaupstaðurinn standi 87 í ábyrgð fyrir borgun á $\frac{1}{6}$.

Amtsráðið samþykkti þessa lántöku með því skilyrði, að lánið yrði endurborgað með jafnri upphæð á 15 árum, er teljast skyldu frá því að liðin væru 3 ár, frá því að lánið væri tekið.

11. Framlagt var brjef landshöfðingjans, dags. 28 des. f. á., þar sem hann óskar álits sýslunefndanna um ráðstafanir til eyðingar refum hjer á landi og umsagnir amtsráðsins um málið. Sýslunefndirnar í amtinu höfðu sagt álit sitt um málið og voru álitsgjörðir þeirra lagðar fram.

Amtsráðið ljét síðan uppi svohljóðandi tillögur sínar um málið:

Að því er snertir grenjaleitir og grenjavinnslu, virðist amtsráðinu að eigi sje að svo stöddu rjett, að breyta hinum gildandi lögum um það mál, en að því er snertir eitranir til eyðingar refum, þótti ráðinu að það fyrirkomulag, sem nú á sjer stað almennt, væri ótryggilegt, einkum að því er snertir framkvæmdina, sem er skipt meðal allra hreppa, í stað þess að haganlegra virðist, að hafa framkvæmdarvarlið meira sameinað, en til þess að fá þessu framgengt þarf að fá almenn lög, og með tilliti til álita sýslunefndanna í Skagafjarðar- og Húnavatnssýslu leggur amtsráðið til, að efni þeirra laga verði í fám orðum á þessa leið:

(Framh.).

Styrkur til uppgjafapresta og prestaekknna.

Á Synodus, sem haldinn var 29. júní, var tje því, að upphæð 3000 kr, sem veitt er fyrir árið 1896 í 13. gr. A. b. 5. í núgildandi fjárlögum, auk 600 kr. af prestaekknasjóðnum og 81 kr. 40 a. af sjóði af árgjöldum brauda, samtals 3681 kr. 40 a., úthlutað á þann hátt, er hjer á eptir segir, og var úthlutunin samþykkt, að því er landsjóðsstyrkinn snertir, með brjefi landshöfðingja 1. júlí:

I. Uppgjafaprestar:

1. Benidikt Eiríksson frá Holtþingum	kr.	35
2. Þorvaldur Böðvarsson frá Saurbæ	—	90
3. Magnús Gíslason frá Sauðlauksdal	—	80
4. Einar Vernharðsson frá Stað í Grunnavík	—	50
5. Gunnar Ólafsson frá Höfða	—	70

II. Prestaekkkjur:

1. Kristbjörg Þórðardóttir frá Valþjófsstað	—	30
2. Ragnhildur Metúsalemsdóttir frá Hjaltastað	—	120
3. Guðlaug Guttormsdóttir frá Skeggjastöðum	—	80
4. Þórunn Stefánsdóttir frá Eydölum	—	20
5. Guðriður Jónsdóttir frá Ási	—	80
6. Guðrún Helga Jónsdóttir frá Vallanesi	—	40
7. Guðrún Þorsteinsdóttir frá Þingmúla	—	70
8. Helga Árnadóttir frá Skarðsþingum	—	50

Flyt: 815

Skýrsla

um aðalfund amtráðsins í Norðuramtinu 9.—11. júní 1896.

(Framhald.)

Sýslunefndirnar skulu sjá um rækilega eitrun fyrir refi í allri sýslunni. Hver sýslunefnd skal kjósa 1—3 menn til að hafa á hendi aðalfrankvæmd á eitrun fyrir refi samkvæmt reglum, er sýslunefndin samþykkir. Framkvæmdarstjórar þessir sendi sýslunefndinni við lok hvers árs skýrslu um eitrunina og árangur hennar.

Amsráðið staðfestir kosning sýslunefnda á framkvæmdastjórum og reglur sýslunefndanna um eitrun fyrir refi og til amtráðsins skulu sýslunefndirnar senda skýrslur framkvæmdastjóranna og skal amtsráðið hafa eptirlit með framkvæmdum þeirra, og hefur vald til að gjöra fyrirskipanir, ef einhverjar sýslur draga sig í hlje, hlutfallslega við aðrar sýslur.

Allur kostnaður, er leiðir af eitruninni, svo sem kaup framkvæmdarstjóra og borgun fyrir agn og eitur o. s. frv. skal greiðast að hálfu af sýslusjóði, og að hálfu af jafnaðarsjóði.

12. Amtsráðið tók því næst til yfirvegunar, að eptirlit með grenjaleit og grenjavinnslu væri eigi nógu strangt, og ákvað því að fela forseta, að heimta skýrslu um þetta, samkvæmt fyrirmynd, er var ákveðin á fundinum og sem skal prenta og útbýta. Ennfremur var forseta falið að leggja fyrir sýslumenn að brýna fyrir hreppsnefndum að innfæra í refaveiðabókina nákvæma lýsing á eldri og yngri grenjum í hreppunum.
13. Framlögð var beiðni frá Sigurði Sigurðssyni á Draflastöðum í Fnjóskadal, dags. 21. f. m., þar sem hann biður um að sjer verði veittur 300 kr. styrkur til að mennta sig í garðyrkjufræði erlendis. Amtsráðið veitti styrk þenna með því skilyrði, að beiðandinn kynnti sjer ýtarlega skógarrækt erlendis.
14. Fram voru lagðar skýrslur um fjárskoðanir úr öllum hreppum Húnavatns-sýslu og Skagafjardarsýslu, og úr 7 hreppum í Eyjafjardarsýslu, en úr þeirri sýslu vantaði skýrslur úr Þóroddstada-, Hvanneyrar- og Grímseyarhreppum. Úr Þingeyarsýslu voru engar skýrslur komnar. Amtsráðið athugaði skýrslur þær, er fyrir lágu, og jafnframt því sem það ákvað, að fram halda skoðunum þessum á sama hátt, sem nú hefur átt sjer stað, fól það oddvita að heimta hinar vantandi skýrslur.

Framlagt var sömuleiðis brjef sýslunefndarinnar í Húnavatnssýslu, dags. 9. marz þ. á., þar sem hún óskar að amtsráðið fyrirskipi böðun á öllu sauðfje næsta haust í síðasta lagi fyrir 10. nóvbr. með einhverju það lyfi, sem væri óbyggjandi gegn hverskonar óþrifum á sauðfje.

Eptir allmiklar umræður um málið ákvað amtsráðið að fela forseta sínum að fyrirskipa almenna skoðun, eins og að ofan er greint, næsta haust á sauðfje í öllum sýslum amtsins, sem fyrst eptir að fje er tekið í hús og eigi síðar en fyrir lok næstkomandi nóvbr.mánaðar, svo og að kveðja til

10. dag júlímán. 1896.

87

hæfilega margá menn í hverjum hreppi, til að sjá um framkvæmdir á böðun á hverju heimili, hver á sínu svæði eptir því sem hentast þykir.

Kostnaður sá, sem leiðir af eptirliti af böðununum, skal greiðast samkvæmt tilsk. 5. jan. 1866, 3. gr. en baðlyfin kosti eigendur sjálfir.

Jafnframt var forseta falið, að leggja fyrir sýslumenn að gjöra þessi ákvæði sem fyrst kunnug í hreppunum, að gjöra ráðstafanir til að fá nægilega margá menn til að annast um útvegum á baðlyfum og að brýna fyrir hreppsnefndum, að skora á menn að óska eptir baðlyfum í tíma, svo og að leggja fyrir menn þá, er skulu hafa eptirlit með framkvæmd á böðununum, að gefa skýrslu um þær samkvæmt fyrirmynd, er forseti sendir sýslumönnum.

15. Framlagt var erindi frá hreppsnefnd Vindhælishrepps, dags. 16. nóvbr. f. á., þar sem hún óskar, að Vindhælishreppur fái endurgoldnar kr. 63,14, sem hún telur að hann hafi orðið að borga af hallærislánnum Engihlíðarhrepps. Amtsráðið tekur fram, að þegar sýslunefnd Húnavatnssýslu ákvað á fundum 4. jan. og 18. marz 1890 að styrkja Engihlíðarhrepp af sýslusjóði með því að borga 587 kr. 02 a. af hallærislánnum hrepps þessa, þá var þessari upphæð jafnað á hreppana, sem öðru sýslusjóðsgjaldi. Af þessari upphæð var jafnað á Vindhælishrepp kr. 63,14 og var borgað af hreppnum sem sýslusjóðsgjald. Amtsráðið getur því eigi sjed, að Vindhælishreppur geti nú krafizt endurborgunar á þessari upphæð.
16. Framlagt var brjef sýslumannsins í Eyafjarðarsýslu, dags. 12. marz þ. á., þar sem hann skýrir frá, að sýslunefnd Eyafjarðarsýslu hafi ákveðið að flytja kvennaskólann á Laugalandi til Akureyrar, og byggja hús fyrir hann í sameiningu við barnaskóla á Akureyri, og óskar að amtsráðið vildi samþykkja að sýslunefndin mætti taka allt að 3000 kr. lán, til að standast kostnað við hina fyrirhuguðu skólahúsbygging.

Amtsráðið samþykkti að sýslunefndin mætti taka lán þetta með því skilyrði, að hún endurborgaði það að fullu á 20 árum frá því lánið er tekið, með $\frac{1}{20}$ hluta þess á ári.
17. Framlögð voru bóнарbrjef sýslumanna í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslu 27. febr. og 4. maí þ. á. um 300 kr. styrk til kvennaskólans á Ytri-Ey og frá sýslumanninum í Eyafjarðarsýslu, dags. 26. f. m., um 300 kr. styrk til kvennaskóla Eyfirðinga, sem á að halda næsta vetur á Akureyri. Ennfremur voru lagðar fram skýrslur og reikningar skólanna, sem amtsráðið athugaði. Síðan veitti það hvorum skóla fyrir sig 300 kr. næsta ár.
18. Framlögð voru eptirfylgjandi skjöl og reikningar viðvíkjandi búnaðarskólunum á Hólum:
 - a. Prentuð skýrsla um skólann ^{1894/95}.
 - b. Endurrit úr gjörðabók stjórnarnefndar skólans og samrit af skólasjóðsreikningi ^{1895/96}.
 - c. Endurrit af úrskurðum amtsráðsins á reikningum skólans ^{1893/94} með áritunum um fullnustugjörð.

- d. Reikningur skólabúsins ^{1894/95} með fylgiskjölum, skrá yfir innstæðu 14. maí 1895, athugasemdum við reikninginn og svörum reikningshaldara.
- e. Reikningur skólasjóðs ^{1894/95} með fylgiskjölum, skrá yfir innstæðu 14. maí 1895, athugasemdum við reikninginn og svörum reikningshaldara.
- f. Fjárhagsreikningur skólans ^{1894/95}.
- g. Reikningur Hólakirkju ^{1894/95} með fylgiskjölum, skrá yfir innstæðu 14. maí 1895, athugasemdum og svörum reikningshaldara.
- h. Hinir sjerstöku reikningar skólabúsins með fylgiskjölum.
- i. Veitingarbrjef handa búfræðingi Jósep Bjarnarsyni fyrir skólastjórasýslaninni á Hólum, dags. 26. febr. þ. á.
- k. Reglugjörð fyrir skólastjóran á Hólum, dags. 9. f. m.

Amtsráðið athugaði skjöl þessi, því næst samþykkti það veitingarbrjefið og reglugjörðina og úrskurðaði athugasemdir endurskoðenda við reikningana d. e. og g.

19. Fram var lagt brjef sýslumannsins í Eyafjarðarsýslu, dags 5. marz þ. á., þar sem hann ber fram þá ósk frá sýslunefndinni í Eyafjarðarsýslu, að amtsráðið vildi hlutast til um, að skipulagsskrá, dags. 10. apríl 1886 og staðfest 29. júlí s. á., fyrir Prentsmiðjusjóð Norður- og Austuramtsins yrði breytt þannig, að sjóðnum yrði varið samkvæmt hinum upprunalega tilgangi gefendanna til eflingar prentverks á Akureyri.

Amtsráðið tekur fram, að það telji mjög æskilegt, að skipulagsskránni sje breytt þannig, því að bæði hafi prentverk á Akureyri, sem er hið eina í Norðuramtinu, farið hrakandi á síðari árum, og hins vegar sje minni ástæða að styrkja nemendur á gagnfræðaskólanum á Möðruvöllum og kvennaskólanum á Laugalandi nú en áður, þar sem þeim sje nú veittur námstyrkur úr landssjóði. Felur amtsráðið því forseta sínum að hlutast til um að fá staðfesting á skipulagsskrá. er amtsráðið samþykkti í þá átt, að prentsmiðjusjóðnum verði varið til eflingar prentverki á Akureyri.

20. Framlagt var álit frá nefnd þeirri, er kosin var á fundi amtsráðsins f. á., til þess að semja reglur fyrir bókasafn amtsins og fylgdi því frumvarp í þá átt frá nefndinni.

Reglur þessar ganga helst í þá átt, að gjöra mönnum í fjarlægð við bókasafnið sem ljettast með að nota bækur þess, að setja auka bókaverði í fjarlægari hjeruðum amtsins, er stæðu fyrir útlánnum og að leyfa mönnum að nota bækur safnsins kauplaust.

Auk þess lagði nefndin til, að lítt nýtar bækur safnsins, sem engin líkindi eru til að nokkur noti, verði seldar eða látnar afsíðis, svo að þær eigi tylli rúm fyrir öðrum bókum, að bókaskrá verði prentun að nýju yfir aðrar bækur safnsins og að safninu verði veittur 500 kr. styrkur af jafn- aðarsjóði á ári.

Eptir nokkrar umræður samþykkti amtsráðið reglurnar fyrir safnið og hinar aðrar ráðstafanir, er nefndin hafði lagt til að gjörðar væri. Ennfremur veitti það safninu 500 kr. styrk þetta ár og eins næsta ár. Síðan

87

kaus það nefnd til að hafa umsjón með bókasafninu um næstu 3 ár og hlutu þessir kosningu:

Amtmaður Páll Briem,
Bæjarfógeti Kl. Jónsson og
Prestur Jónas Jónasson; að Hrafnagili

nefnd þessari var falið að sækja um aukinn styrk af landssjóði til safnsins.

21. Var samin svohljóðandi:

Áætlun

yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Norðuramtsins 1897:

	Tekjur:	kr. a.
1. Áætlaðar eptirstöðvar		1200 00
2. Jafnaðarsjóðsgjald		2200 00
		<u>3400 00</u>
	Gjöld:	
1. Til amtráðsins		400 00
2. — heilbrigðismála		200 00
3. — menntamála:		
a. Kvennaskólans á Ytri Ey	kr. 300	
b. ——— Eyfirðinga	— 300	
c. Amtsbókasafnsins	— 500	
d. Sigurðar Sigurðssonar á Draflastöðum	— 300	1400 00
4. Vextir og afborgun af Skjálfandafljótsbrúarláni		118 52
5. Til fjárskoðana		300 00
6. — fangahússins á Akureyri		50 00
7. Óviss útgjöld		931 48
		<u>3400 00</u>

Fleiri mál komu ekki til umræðu.

Fundi slitið.

Páll Briem. B. G. Blöndal. Árni Jónsson.
Ólafur Briem. Stefán Stefánsson.

Íslands Norðuramt,
Akureyri 12. júní 1896.

Páll Briem

88

Skýrsla

um efnahag sýslusjóðanna í Norðuramtinu 1895.

I. Húnavatnssýsla.

	Tekjur:
Eign frá fyrra ári	kr. 706 81
Lán úr landsjóði	— 3000 00
Niðurföfnun, 15 a. á hndr.	— 1790 49
Aðrar tekjur	— 100 00
	<u>kr. 5597 30</u>